



Reykjavík, 19. febrúar 2026
MSS26020099

FYRIRSPURN

Fyrirspurn fulltrúa Þroskahjálpar um fjölda barna sem fá stuðningsþjónustu í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Óskað er eftirfarandi upplýsinga frá skóla- og frístundasviði: Hvað fá mörg börn stuðningsþjónustu í grunnskólum Reykjavíkurborgar vegna fötlunar, þar með talið einhverfu og annarra greininga? Hvernig er hlutfallið milli barna af íslenskum og erlendum uppruna, sem eru að fá stuðning?

Greinargerð:

Sveitarfélög bera sífellt meiri ábyrgð á gagnasöfnun og eftirfylgni í tengslum við réttindi barna með fötlun, m.a. í ljósi skuldbindinga samkvæmt Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, eins og kom fram á fundi mannréttindaráðs með samráðshópi í málefnum fatlaðs fólks og áheyrnarfulltrúum ofbeldisvarna þann 5. febrúar 2026.



Reykjavík